

Nd.

40. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.
2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:
 - a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfærandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnunum búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.
 - b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.
3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka trygginguna meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta trygginguna ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Greinargerð.

Hávaði íslenzkra námsmanna er ekki betur efnunum búinn en það, að ef einhver verður fyrir lasleika, svo að hann þurfi að leggjast á sjúkrahús, þó að ekki sé nema viku eða hálfsmánaðartíma, er honum oftast ókleift, kostnaðarins vegna, að halda námi áfram það árið, og ekki þarf langa eða dýra sjúkdómslegu til þess, að hann verði ef til vill að hætta námi með öllu.

Er fáum nauðsynlegra að tryggja sig gegn sjúkdómum en fátækum námsmönnum, og ekki sízt þeim, sem námið stunda fjarri heimilum sínum.

Skólastjóri Menntaskólans á Akureyri skýrir frá því, að venjulega séu það tveir til þrjú nemendur á ári þar í skólanum, sem verði fyrir tilfinnanleg-

um sjúkdómskostnaði — og þá oftast vegna sjúkdómslegu til uppskurðar —, og er það ekki meiri kostnaður en svo, að sjúkrasamlag þar í skólanum, með mjög lágu árgjaldi nemendanna, segjum 3—5 kr., mundi auðveldlega geta staðizt hann.

Í haust sem leið var undirbúin stofnun sjúkrasamlags í þessum skóla, með ágætri þátttöku nemendanna, en þegar til þess kom að lögskrá það, þóttu sjúkrasamlagalögin ekki veita heimild til þess, með því að þau mæla svo fyrir, að meðlimir sjúkrasamlags skuli allir eiga heima í samlagshéraðinu. En einmitt vegna þess ákvæðis er öllum aðkomunemendum, sem tryggingarinnar hafa mesta þörf, ókleift að gerast meðlimir í sjúkrasamlagi héraðsins, þó að til væri, enda slík samlög ekki að öllu leyti við hæfi námsmanna — trygging þeirra óþarflega víðtæk fyrir þá — og þar af leiðandi of dýr.

Auk þeirra beinu trygginga, sem sjúkrasamlög skólanemenda geta veitt þeim, fer ekki hjá því, að þau geti haft uppeldislega þýðingu fyrir þá. Þeir kynnast þessari tryggingarstarfsemi, læra að meta gildi hennar, fá æfingu í að taka þátt í rekstri hennar og stjórn og breiða síðan þessa mikilsverðu þekkingu út um landið.

Af framangreindum ástæðum er frv. þetta borið fram. Er þó ekki farið fram á meira en heimildarákvæði til að lögskrá skólasamlög. Með því að hér er um algert nýmæli að ræða, þykir ef til vill réttara að hafa nokkurn hemil á í byrjun og reyna þetta fyrirkomulag í einum eða tveimur skólum, til þess að sjá, hvernig það gefst, áður en lengra er haldið.